

Fundargerð starfsþróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum

Fundur starfsþróunarnefndar haldinn 22. október 2018 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 9:30.

Mætt voru: Frá BSRB Karl Rúnar Þórssón sem var í síma. Frá ASÍ, Árni Steinar Stefánsson. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Mat á námi deildarstjóra launadeildar 1

Lögð fram beiðni um mat á nokkrum námsleiðum. Starfsmaður starfar sem deildarstjóri launadeildar.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1.

2. Mat á námi starfsmanns leikskóla

Lögð fram að nýju, beiðni um mat á námi frá erlendum skóla. Um er að ræða starfsmann í leikskóla.

Skrifstofa Enic Naric var beðin um að meta námið og telur það sambærilegt stúdentsprófi úr íslenskum framhaldsskóla.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 4% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.3.

3. Mat á námi aðstoðarmatráðs í grunnskóla

Lögð fram beiðni um mat á 200 klst. námi í „Educational and training program“. Starfsmaður er aðstoðarmatráður í grunnskóla.

Starfsþróunarnefnd er sammála um að kalla eftir frekari upplýsingum um námið.

4. Nám aðstoðarmanns í eldhúsi/mötuneyti

Lögð fram beiðni um mat á námi í rekstrarfræði 1 frá frumgreinabraut á Bifröst. Starfsmaður er aðstoðarmaður í eldhúsi/mötuneyti.

Starfsþróunarnefnd er sammála um að kalla eftir frekari upplýsingum um námið.

5. Nám verkefnastjóra tómstundamála

Lögð fram beiðni um mat á náminu „Máttur kvenna“. Starfsmaður er Verkefnastjóri tómstundamála.

Starfsþróunarnefnd er sammála um að óska eftir viðbótargögnum og fá betri upplýsingar um starfsheiti starfsmanns.

6. Mat á námi starfsmanns í leikskóla

Lögð fram beiðni um mat á námi í uppeldisfræðum við erlendan háskóla. Fyrir fundi liggur mat Enic Naric á námi starfsmanns en engin prófskírteini eru fyrirbyggjandi. Starfsheiti er starfsmaður í leikskóla.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 4% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.3.

Varðandi BA/BS nám úr háskóla þarf viðkomandi sveitarfélag að taka ákvörðun um hvort meta beri það nám með vísan til gr. 10.2.5 í kjarasamningi aðila.

7. Mat á námi starfsmanns í leikskóla

Lögð fram beiðni um mat á námi úr erlendum skóla. Starfsheiti er starfsmaður í leikskóla.

Starfsþróunarnefnd hefur ekki tók á meta námið samþykkt fyrirbyggjandi gögnum en samþykkir að senda beiðni til Enic/Naric um mat á náminu.

8. Mat á námi bókarvarðar II

Lögð fram beiðni um mat á nokkrum námsleiðum. Starfsheiti er bókavörður II.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:30

Næsti fundur verður haldinn 5. nóvember k. 9:30